

## AUGLÝSING

### um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 128/1981 um virðingar til brunatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur.

#### 1. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal váttryggðri greiða sem hér segir:

- |  |           |
|--|-----------|
| a. Fyrir hús, sem virt er allt að kr. 2 000 000 . . . . .                      | kr. 2 000 |
| b. Fyrir hús, sem er virt á kr. 2 000 000 og allt að kr. 4 000 000 . . . . .   | kr. 2 800 |
| c. Fyrir hús, sem virt er á kr. 4 000 000 og allt að kr. 7 000 000 . . . . .   | kr. 3 500 |
| d. Fyrir hús, sem virt er á kr. 7 000 000 og allt að kr. 10 000 000 . . . . .  | kr. 4 000 |
| e. Fyrir hús, sem virt er á kr. 10 000 000 og allt að kr. 14 000 000 . . . . . | kr. 4 200 |

Umfram 14 milljónir króna skal greiða 0,03% af brunabótamati viðkomandi húseignar.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana. Umsókn virðingarmanna um slíka hækkun skal fylgja greinargerð ásamt umsögn framkvæmdastjóra viðkomandi váttryggingarfélagss.

Nú vill eigandi eða váttryggingarfélag eigi setta sig við mat hinna dómkvöddu manna og geta þá aðilar skotið málinu til úrskurðar oddamanns, sem þeir koma sér saman um. Ella skal hann tilnefndur af viðkomandi dómara. Þóknun til hans skal vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkvæmt gjaldskránni. Þóknun oddamanns greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af váttryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi dómari skipar. Fyrir slíkt yfimat greiðist tvöfalt gjald, samkvæmt ofangreindri gjaldskrá ½ til hvers. Kostnað við yfimat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkvæmt reikningi.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með stöð í lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur nr. 59/1954 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Guðjón Magnússon.*